



Fundargerð 6. fundar stjórnar SSA, haldinn 5. nóvember 2019.

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú á Reyðarfirði og hófst hann kl. 14:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Formaður stjórnar, Einar Már Sigurðarsson boðaði forföll og í hans stað mætti Eydís Ásbjörnsdóttir varamaður.

Mættir starfsmenn voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gunnar Jónsson varaformaður SSA setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

## 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1. Fundargerð frá 5. fundi stjórnar SSA 2019-2020. Fundargerðin var staðfest og undirrituð.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SSH (475,476,477), SSNV (48, haustþing), Vestfjarðastofa (19,20) Eyþing (326), SASS (549, aðalfundur). Lagðar fram til kynningar.
- 1.3. Fundargerð sambands sveitarfélaga (874,875, samráðsfundur með landshlutasamtökum). Lögð fram til kynningar.
- 1.4. Fundargerð stýrihóps um byggðamál (55). Lögð fram til kynningar.
- 1.5. Erindi frá leikskólastjórnendum á Austurlandi. Lagt fram til kynningar.
- 1.6. Ársskýrsla loftgæða. Lögð fram til kynningar.
- 1.7. Skipulagsdagurinn. Lagt fram til kynningar.
- 1.8. Eyþing, aðalfundur. Lagt fram til kynningar.
- 1.9. Dagur íslenskrar tungu. Lagt fram til kynningar.
- 1.10. Námskeið vegna stafrænnar þróunar. Lagt fram til kynningar.

## 2. Innra starf SSA

### 2.1. Sóknaráætlun 2020-2024

- 2.1.1. Undirritun samnings 12. nóvember 2019.  
Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri undirriti samning um sóknaráætlun fyrir hönd SSA.
- 2.1.2. Sóknaráætlun í samráðsgátt.  
Lagt fram til kynningar.
- 2.1.3. Úthlutarnefnd og fagráð vegna uppbyggingarsjóðs.  
Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að aðilum í úthlutarnefnd og fagráð vegna uppbyggingarsjóðs. Stjórn felur Austurbrú að mynda hóp með 5 aðilum.

## 2.2. Svæðisskipulag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og næstu skref.

## 2.3. Fyrsta haustþing SSA

Umræður voru um fyrirkomulag á eftirfylgni með ályktunum haustþings SSA. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að vinna áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

## 2.4. SV-Aust

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni varðandi samninga við Vegagerðina. Ekki er búið að skrifa undir en velvilji er hjá báðum aðilum og áhugi fyrir áframhaldandi samstarfi.

2.4.1. Fundargerð Sv-AUST 23. október. Lagt fram til kynningar.

2.4.2. Fundargerð Sv-AUST 30. október. Lagt fram til kynningar.

2.4.3. Erindi frá Vopnafjarðarhreppi.

Stjórn þakkar fyrir erindið og sýndan áhuga. Stjórn vísar erindinu áfram til Sv-aust og óskar eftir því að Sv-Aust fari í samtal við Vopnafjarðarhrepp.

## 2.5. Fjallskilasamþykkt

2.5.1. Bréf til sveitarfélaga. *Lagt fram til kynningar.*

2.5.2. Fjallskilasamþykkt að teknu tilliti til athugasemda sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar. Stjórn áréttar að sveitarfélögin þurfi að taka þessi mál fyrir.

## 2.6. Byggðaáætlun

Framkvæmdastjóri sagði frá styrkjaúthlutun fyrir verkefnið C14 sem er samstarf safna (ábyrgðasöfn).

2.6.1. Fjarvinnslustöðvar, auglýsing.

Auglýsing frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu lögð fram til kynningar.

## 3. Umsagnir

### 3.1. Umsögn um fjárlög og fundur með fjárlaganefnd 28. október 2019 .

Frásögn framkvæmdastjóra af fundinum.

### 3.2. Umsagnarbeiðnir frá nefndum alþingis.

Neðangreindir liðir voru lagðir fram til upplýsinga:

- Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Frumvarp til laga um stjórnarskipunarlög, 279. mál., 22. nóvember .
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Frumvarp til laga um breytingu á vegalögum, nr. 80/2007, 60. mál., 5. nóvember.
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar um einstök mál), 49. mál., 5. nóvember.
- Atvinnuveganefnd Alþingis. Frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga), 29. mál., 5. nóvember.



- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Tillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023, 148. mál., 5. nóvember.
- Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Tillaga til þingsályktunar um byggingu hátæknisorbrennslustöðvar, 86. mál., 5. nóvember.

### 3.3. Mál í samráðsgátt stjórnvalda.

Mál í samráðsgátt stjórnvalda lögð fram til upplýsinga.

### 3.4. Umsögn um drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögnina áfram í samráði við formann og senda svo til stjórnarmanna til samþykktar.

### 3.5. Önnur mál

Stefán Bogi sagði frá heimsókn sinni í Hallormsstaðaskóla (Hússtjórnskólanum). Umræður stjórnar um framtíð Hallormsstaðaskóla. Stefnt verður að því að funda með skólastjóra Hallormsstaðaskóla í lok nóvember og ræða þessi mál.

Ekki fleiri mál tekin fyrir. Fundi slitið kl 17:10.

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_  
Stefán Bogi Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Pálína Margeirsdóttir

\_\_\_\_\_  
Eydís Ásbjörnsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigríður Bragadóttir